

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

19. maí 2017

Þingskjal 539 – 408. mál

Skipulag strand- og hafsvæða

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar þessu nýja frumvarpi til laga um skipulag strand- og hafsvæða sem löngu er tímabært. Um það er ekki ágreiningur. Það eru þó nokkur atriði í frumvarpinu sem sveitarfélög á Austurlandi, sem hagsmuna eiga að gæta, hafa vakið athygli á. Þannig er þar ekki gert ráð fyrir að skilið sé á milli skipulags hafsvæða, sem vera ætti á hendi ríkisins, og skipulags strandsvæða, sem vera ætti á hendi sveitarfélaga. Sömuleiðis er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ráðherraskipuðum svæðisráðum verði falin ábyrgð á skipulagsgerð strandsvæða, en ekki sveitarfélögunum sjálfum. Þó ber svæðisráðunum að taka tillit til skipulagsáætlana þeirra sveitarfélaga sem eiga í hlut. Einn af ráðherraskipuðum fulltrúum hefur samkvæmt frumvarpinu neitunarvald í svokölluðum svæðisráðum en sveitarfélögin ekki.

Það er mat stjórnar SSA að brýnt sé að gera ákveðnar breytingar á frumvarpinu til að ná sátt um það á milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins. Má þar nefna ákvæði um að stefnt skuli að tilraunum með að færa vald yfir strandsvæðaskipulagi til sveitarfélaga, jafnvel þó að á öðrum stöðum verði svæðisráð rekin samhliða. Sveitarfélög á Austfjörðum og Vestfjörðum liggja sennilega best við þessari tilraun þar sem mikil umræða hefur farið fram á þeim svæðum um þessi mál og góð reynsla komin á skipulagsferli og áætlanir. Fjarðabyggð hefur sem dæmi ákveðið að hefja vinnu við nýtingaráætlun og skipulagsvinnu sem tekur til fjarða og því gæti slík tilraun átt góða samleið með þeirri vinnu.

Þá telur stjórn SSA það gríðarlega brýnt að fallið verði frá ákvæði um neitunarvald fulltrúa ráðuneyta. Þess í stað mætti mögulega gera kröfu um að aukinn meirihluta atkvæða þurfi til samþykktar mála í svæðisráði. Jafnframt telja sveitarfélögin mikilvægt að tryggja aukið vægi aðliggjandi sveitarfélags í svæðisráðinu með fjölgun fulltrúa.

Þá kemur fram í frumvarpinu að við vinnslu þess hafi komið skýrt fram að brýnt væri að vinna sem fyrst strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði sökum mikillar eftirspurnar þar. Vert er að benda á að mikil eftirspurn og áform eru um laxeldi á Austfjörðum og því mikilvægt að farið verði strax í samskonar vinnu á Austfjörðum og kveðið er á um í frumvarpinu að verði á Vestfjörðum.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal,
formaður stjórnar

